

Stefna auðlinda- og umhverfisdeildar Lbhí 2017-2022

- samþykkt

Hlutverk og sérstaða auðlinda- og umhverfisdeildar Lbhí

Landbúnaðarháskóli Íslands er skóli lífs og lands. Skólinn hefur fengið viðurkenningu Menntamálaráðuneytisins til þess að starfa á fræðasviðum auðlinda- og búvísinda (undirflokkar: búvísindi, hestafræði) og náttúruvísinda (undirflokkar: náttúru- og umhverfisvísindi, skógfræði, landgræðslufræði, umhverfisskipulag) og gegnir mikilvægu hlutverki við öflun og miðlun þekkingar á þessum fræðasviðum. Hlutverk Auðlinda- og umhverfisdeildar er að afla og miðla þekkingu sem stuðlar að sjálfbærri, faglegrri og framsýnni nýtingu á landsins gæðum.

Grunnstef og leiðarljós

FAGMENNSKA

SJÁLFBÆRNI

FRAMSÝNI

Viðfangsefni og markmið

Deildin almennt

Markmið

- Vera leiðandi í sköpun og miðlun þekkingar á fagsviðum deildar. Nýta vel það forskot sem stofnunin hefur á mörgum sviðum.
- Vera í takt við þróun og þarfir samfélagsins. Skapa og nýta ný tækifæri og vaxtabrodda.
- Vera þekkt fyrirmynd í sjálfbærni. Tryggja að starfsemi, innviðir og rekstur séu í anda sjálfbærrar þróunar.
- Efla gæði í allri starfsemi deildarinnar.
- Stuðla að samstarfi og teymisvinnu innan deildar og byggja upp öflugt samfélag kennara og nemenda. Stunda gagnkvæma samræðu og virðingu.

Rannsóknir

Markmið

- Standa vörð um akademískt frelsi og sjálfstæði rannsókna.
- Efla rannsóknir á öllum fagsviðum skólans og rannsóknir sem tengja saman umhverfismál, landnýtingu og matvælaframleiðslu með sjálfbærni að leiðarljósi. Sinna rannsóknarskyldum gagnvart samfélagi og atvinnuvegum.
- Auka fjármagn til rannsókna, t.d. úr samkeppnissjóðum.
- Styrkja teymisvinnu og þverfaglegar rannsóknir, bæði innan Lbhí og í samstarfi við aðrar stofnanir innanlands og utan.
- Efla miðlun á rannsóknarniðurstöðum, bæði fjölda ritrýndra greina í ISI-ritum og efni á íslensku er nýtist samfélaginu, atvinnuvegum og almenningi. Ennfremur að umbreyta þekkingu á fræðasviðum skólans í tæki og tól sem nýtast þeim sem starfa á okkar fagsviðum.
- Tryggja og auka markvisst getu okkar til að stunda rannsóknir (innviðir, mannauður o.fl.).

Nám og kennsla

Markmið

- Fjölga nemendum.
- Greina þarfir fyrir nám á sérsviðum Lbhí og taka rökstuddar ákvarðanir um þróun þess.
- Efla rannsóknamiðað nám á öllum fagsviðum.
- Leggja áherslu á sjálfbærni (í margvíslegum skilningi) í öllum námsgreinum.
- Standa vörð um gæði kennslu og endurskoða kennslufyrirkomulag í takt við þarfir samtímans.
- Vera í fremstu röð í rafrænum kennsluaðferðum og fjarnámi.
- Auka tengsl rannsókna og kennslu.
- Árangur í kennslu metin að verðleikum í faglegu mati ekki síður en árangur í rannsóknum.
- Efla og dýpka mat á árangri í kennslu

Upplýsingamiðlun, ytra samstarf, samfélagstengsl, ímynd skólans/deildarinnar

Markmið

- Efla meðvitund samfélagsins um starfsemi deildarinnar og mikilvægi þess fyrir umhverfi og samfélag. Skerpa á ímynd Lbhí sem nútímalegs háskóla og spennandi valkosta.
- Gera áherslu á sjálfbærni og samþættingu fræðasviða áberandi í öllu kynningarefni skólans, ekki síst í kynningu á námsframboði.
- Starfsmenn deildar láti sig varða málefni samfélagsins í trausti faglegrar þekkingar.
- Auka fræðslustarf í þágu almennings og tryggja að það sé metið að verðleikum, m.a. í faglegu mati.
- Auka samstarf við innlenda og erlenda aðila á fagsviðum deildarinnar.

Mannauður, starfsumhverfi og innviðir

Markmið

- Tryggja nýliðun og að núverandi starfsmenn sjái framtíð sína við deildina; tryggja góðar starfsaðstæður og yfirfærslu þekkingar til nýrra starfsmanna.
- Gera áætlun um mönnun og nýráðningar á tilteknum fagsviðum og í stoðþjónustu. Mönnunin þarf að styðja við áherslur okkar í kennslu, rannsóknum og annarri starfsemi. Tryggja að deildin hafi áhrif á mönnun og nýráðningar í stoðþjónustu.
- Móta stefnu varðandi innviði Lbhí til að geta sinnt öflugri kennslu og rannsóknum. Greina nýtingarmöguleika starfsstöðva, lands og eignar skólans.